

Fundargerð 309. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 8. júlí 2010, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð hreppsnefndar 10. júní 2010. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar og kjörstjórnar 22. júní 2010. Samþykkt
3. Fundargerð hreppsnefndar 22. júní 2010. Samþykkt.

Mál til afgreiðslu:

1. **0908007** Verksamningur Hafnarstjórnar og Suðurverks hf. vegna skjólgarðs við Reykhólahöfn. Verksamningurinn samþykktur. Jafnframt veitir Reykhólaheppur framkvæmdaleyfi fyrir verkinu. Sveitarstjóra falið að gefa út framkvæmdaleyfið.
2. **0904031** Kaupsamningur/afsal vegna kaupa á hluta af Reykhólalandi. Samningurinn samþykktur. Kaupverð 18.035.530 kr.
3. **1006020** Bréf móttækið 10. júní s.l. frá skólastjóra Reykhólaskóla með beiðni um endurnýjun húsgagna í skólanum. Ákveðinn peningur var áætlaður í tækjakaup á árinu. Að öðru leyti vísað til næstu fjárhagsáætlunar.
4. **0912005** Flutningur á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir að vinna að málefnum fatlaðra með sveitarfélögum á Vestfjörðum.
5. **1007002** Leigufélag um íbúðarhúsnæði. Sveitarstjórn tekur jákvætt í hugmynd um stofnun félags um rekstur leiguhúsnæðis á Reykhólum.

Mál til kynningar:

1. **1007003** Bréf dags. 25. júní s.l. frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi aukaframlag 2010 úr Jöfnunarsjóði. Kynnt.
2. **1006029** Bréf dags. 8. júní s.l. frá Velferðarvaktinni varðandi vinnu ungmenna 17 og 18 ára í sumar. Kynnt.
3. **1006030** Bréf dags. 14. júní s.l. frá Capacent um úttekt á fjármálalegri stöðu sveitarfélagsins í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Kynnt.

Önnur mál.

1. Tölvupóstur dags. í dag, 8. júlí frá Eygló Kristjánsdóttur með starfsuppsögn. Sveitarstjórn þakkar Eygló störf hennar fyrir sveitarfélagið undanfarin ár og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:55.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)